

207
5. des.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 44 5. apríl 1951, um söluskatt.

1. gr.

Aftan við C-lið 6. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við framleiðslu vara úr kjöti skal iðnaðarfyrirtæki heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði varanna innkaupsverð kjötsins, sem notað hefur verið í framleiðsluna. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framreiðslu smurðs brauðs með kjötáleggi eða þess háttar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. desember 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

208
6. des.

AUGLÝSING

um bann gegn innflutningi á jólatrjám, slátur- og mjólkurafurðum o. fl. vegna gin- og klaufaveikihættu.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berizt til landsins, hefur ráðuneytið ákveðið að auk þeirra vara, sem bannaður er innflutningur á í lögunum og auglýsingu ráðuneytisins, dags. 21. f. m., þá skuli bannaður frá Evrópu innflutningur á trjám (jólatrjám), trjágreinum og trjákönglum, slátur- og mjólkurafurðum hvers konar, eggjum, svo og húðum. Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land má þó flytja inn, enda séu þær sótthreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. desember 1951.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.